

*Lög um Ræktunarsjóð Íslands, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 105).*

*Bráðabirgðalög um heimild fyrir ríkisstjórnina til íhlutunar um sölu og útflutning á ýmsum íslenskum afurðum, undirskrifuð af konungi 8. maí 1935 (nr. 106).*

*Lög um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 107).*

*Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæðin í samningi milli Íslands og Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um erfðir og skipti á dánarbúum, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 108).*

*Lög um framlenging á gildi laga um verðtoll og bráðabirgðaverðtoll, undirskrifuð af konungi 18. maí 1935 (nr. 109).*

*Lög um afnám laga nr. 19 9. jan. 1935, um lántöku fyrir ríkissjóð, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 110).*

*Lög um breytingar á lögum nr. 22 6. okt. 1919, um hæstarétt, og lögum nr. 37 4. júní 1924, um breyting á þeim lögum, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 111).*

*Lög um hæstarétt, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 112).*

## **Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslumannsins 6 í Gullbringu- og Kjósarsýslu, um takmörk verzlunarlóðarinnar við 16. febr. Sandgerðisvík í Miðneshreppi.**

Með skirskotun til fyrri bréfa, síðast bréfs ráðuneytisins, dags. 3. júní 1933, um ákvörðun verzlunarlóðarinnar við Sandgerðisvík í Miðneshreppi, skal yður, herra sýslumaður, hérmeð tjáð, að þarsem oddviti Miðneshrepps hefir afhent ráðuneytinu uppdrætti af hinni fyrirhuguðu verzlunarlóð, er hérmeð, samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóvember 1905, takmörk svæðis þess, sem reisa má á verzlunarhús í Sandgerðisvík í Miðneshreppi, sett eftir tillögum sýslunefndarinnar í Gullbringusýslu og framangreindum uppdrætti, svo sem hér segir:

Að norðan takmarka landamerki á milli Flankastaða og Sandgerðis, allt frá sjó upp að austur-takmarkalínunni, en hún liggur úr Flankastaðamörkum um 145 m. austan við beygju nefndra marka. Héðan liggja austurtakmörk sjónhending eftir girðingu í austurtúnmörkum Krókskots og áfram sömu stefnu suður í girðingu í austurmörkum Hjarðarholts. Þar beygir takmarkalínan 84,5 m. frá norðausturhorni nefndrar girðingar (mælt eftir girðingunni), og liggur nú sjónhending í markalínu milli Býjaskers og Sandgerðis 150 m. austan við sýsluveginn og þaðan eftir nefndri markalínu Býjaskers og Sandgerðis til sjávar.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta, til frekari birtingar, skal lagt fyrir

6 yður að sjá um, að eitt eintak af hinum framangreinda uppdrætti verði geymt  
16. febr. með skjölum hlutaðeigandi hrepps og að hreppsnefndin láti halda við á kostnað hreppssjóðsins glöggum merkjum á takmörkum verzlunarlóðarinnar.

## 7

11. jan.

## REGLUGERÐ

## um gjaldeyrisverzlun, innflutning o. fl.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 11 9. jan. 1935, er hér með sett eftirfarandi reglugerð um gjaldeyrisverzlun, innflutning o. fl.

## 1. gr.

Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h/f hafa einkarétt til að verzla með erlendan gjaldeyri og eru allir, sem eiga eða eignast erlendan gjaldeyri, hvort heldur er hér á landi eða erlendis, skyldir að láta hann af hendi við bankana fyrir skráð kaupgengi.

## 2. gr.

Peir, sem kaupa vilja erlendan gjaldeyri, skulu senda um það skriflega umsókn til gjaldeyris- og innflutningsnefndar, og er eigi heimilt að selja erlendan gjaldeyri nema að fengnu leyfi nefndarinnar.

Eigi þarf leyfi nefndarinnar til þess að inna af hendi erlendar greiðslur af lánnum rikissjóðs eða lánnum þeim, sem rikissjóður er í ábyrgð fyrir, og eigi þarf leyfi nefndarinnar fyrir greiðslum erlendis í þáfir bankanna. Skulu bankarnir semja skrá yfir þessar greiðslur eftir því, sem fyrirfram er vitað og senda nefndinni, svo skulu þeir og tilkynna þær greiðslur, er eigi var vitað um fyrirfram, jafnóðum og þær eru inntar af hendi. Ekki er heimilt að innleysa íslenska seðla eða ávisanir í íslenskum krónum, sem sendar eru frá útlöndum án samþykkis gjaldeyris- og innflutningsnefndar, nema sérstaklega sé um það samið við bankana, enda séu þeir samningar tilkynntir gjaldeyris- og innflutningsnefnd.

Þó skulu vera í gildi þær ráðstafanir, sem bankarnir kunna að hafa gert um inneignir útlendinga í íslenskum reikningum, áður en reglugerð þessi öðlast gildi. Ef sérstaklega stendur á, er bönkunum heimilt, með samþykki eigenda, að taka við greiðslu á erlendum kröfum til geymslu í lokuðum reikningum í íslenskum krónum.

## 3. gr.

Bannað er að flytja eða selja til útlanda íslenskan gjaldeyri, hvort heldur er seðlar eða inneignir í bönkum, sparissjóðum eða hjá einstökum mönnum eða fyrirtækjum. En frjálsar skulu þær inneignir, sem myndast við sölu á erlendum gjaldeyri til bankanna. Ennfremur skal farþegum, sem fara til útlanda, heimilt að taka allt að 400 kr. í íslenskum gjaldeyri til greiðslu ferðakostnaðar. Skal